

Betri Mosfellsbær



Stefnuskrá B-listans í Mosfellsbæ



1. *Marteinn Magnússon*
markaðsstjóri
2. *Helga Jóhannesdóttir*
viðskiptafræðingur
3. *Óðinn Pétur Vigfússon*
grunnskólakennari
4. *Halldóra M. Baldursdóttir*
aðstoðargæðastjóri
5. *Eva Ómarsdóttir*
háskólanemi
6. *Kristbjörg Þórisdóttir*
forstöðumaður
7. *Halla Karen Kristjánsdóttir*
íþróttakennari

Umbrot: Ingólfur Júlíusson nn@centrum.is Ljósmyndir: Ingólfur Júlíusson og auja@auja.net

Ágæti Mosfellingur!

„Betri Mosfellsbær“ eru einkunnarorð B-listans fyrir komandi sveitarstjórnakosningar.

B-listinn vill að Mosfellsbær móti sér metnaðarfulla framtíðarsýn með auknu íbúalýðræði. Í ört stækkandi bæjarfélagi eins og Mosfellsbæ skiptir veigamiklu máli að skoðanir, álit og tillögur bæjarbúa séu virtar.

Velferð íbúa, menntun barnanna og félagslegt öryggi eru atriði sem skipta okkur öll miklu máli. Mikilvægt er að bæjarfélaginu sé stýrt á þann hátt að það auki möguleika fjölskyldna og einstaklinga til að búa sér og sínum fjárhagslegt og félagslegt öryggi.

B-listinn leggur áherslu á að Mosfellsbær sé fyrir alla bæjarbúa.

B-listinn leggur hér fram, með skýrum og afdráttarlausum hætti, stefnuskrá og þær áherslur sem hann mun vinna eftir á komandi kjörtímabili. Við hvetjum þig til að kynna þér stefnu og áherslur B-listans í þessari stefnuskrá.





Stjórnsýslan

Þátttaka bæjarbúa

B-listinn leggur mikla áherslu á að stjórnsýslan sé gagnsæ, fagleg, skilvirk og að stjórnkerfi bæjarins verði endurskoðað með það að markmiði að auka sjálfstæði stofnana hans. Valddreifing og aukin rekstrarábyrgð forstöðumanna er lykilatriði til að ná hámarksárangri í rekstri.

B-listinn mun taka pólitíska stjórnkerfið til endurskoðunar með því að dreifa valdi og auka ábyrgð og vinnuskyldu þeirra sem sitja í nefndum á vegum bæjarins.

Mikilvægt er að Mosfellsbær móti skýra starfsmannastefnu þar sem jafnrétti og endurmenntun verða höfð að leiðarljósi.

Upplýsingamiðlun til bæjarbúa um þá þjónustu sem þeim stendur til boða verður aukin komist B-listinn til valda. Það verður gert með íbúafundum og aðgengilegri heimasíðu.

B-listinn vill að Mosfellsbær sé þekktur fyrir persónulega þjónustu, sem bær fyrir alla án þröskulda þar sem jafnréttis er gætt og tækifæri eru fyrir alla.

„Við viljum fjölskylduvæna fjármálastefnu þar sem álögum og gjaldtöku er stillt í hóf.“



Fjármál

Fjölskylduvæn fjármálastefna

B-listinn mun tryggja að Mosfellsbær verði ekki dýrasta bæjarfélagið til búsetu á höfuðborgarsvæðinu. Við viljum fjölskylduvæna fjármálastefnu þar sem álögum og gjaldtöku er stillt í hóf.

B-listinn mun koma á aðhaldi, hagkvæmni og góðu skipulagi í rekstri bæjarins þar sem hagsmunapot einstaklinga verður ekki liðið. Hagsmuna Mosfellsbæjar verður gætt í hvívetna.



Mikilvægt er að endurskoða rekstur bæjarins til að ná fram meira hagræði þannig að skatttekjur bæjarins nýtist íbúum sem best.



B-listinn vill að hitaveitan og vatnsveitan verði áfram í eigu Mosfellsbæjar og mun ekki standa að sölu þeirra. Fjármálastjórn viljum við að verði ábyrg með markvissu aðhaldi og eftirliti. Stefnumarkandi fjárhagsáætlanagerð verði nýtt til að ná fram betri rekstrarárangri.

B-listinn telur afar mikilvægt að farið verði með varfærni í einkaframkvæmdarsamninga og þeir aðeins gerðir séu kostir þeirra ótvíræðir fyrir bæjarfélagið.

B-listinn mun berjast fyrir því að sveitarfélög fái stærri hlut af skatttekjum frá ríkinu til að sinna lögbundnum rekstri og þjónustu.



„B-listinn vill að Mosfellsbær geti státað af öfluggu og fjölbreyttu atvinnulífi, þar sem stutt er við nýsköpun.“



Atvinnumál

Fjölbreytt atvinnustarfsemi

Öflugt og fjölbreytt atvinnulíf í Mosfellsbæ, þar sem framtak einstaklinga og samtaka fær að njóta sín, er forsenda velferðar. Atvinnu- og ferðamálanefndina þarf að virkja og efla til muna þannig að nefndin verði undirstaða eflingar og nýsköpunar í atvinnu- og ferðamálum.

B-listinn vill að Mosfellsbær geti státað af öfluggu og fjölbreyttu atvinnulífi, þar sem stutt er við nýsköpun og markvisst unnið að því að efla atvinnutækifæri. B-listinn vill laða atvinnustarfsemi til bæjarins með góðri aðstöðu og þjónustu en jafnframt styðja við þau fyrirtæki sem til staðar eru og efla samstarf og samvinnu við þau og þeirra á milli.



Aðstöðu fyrir ferðamenn og þjónustu þeim til handa er hægt að efla til muna. Æskilegt er að bærinn geti státað af vel skipulögðu tjaldstæði með góðri og fjölskylduvænni aðstöðu fyrir ferðamenn.

B-listinn hefur skýra framtíðarsýn í atvinnu- og ferðamálum þar sem áhersla verður lögð á að markaðssetja og kynna þá kosti sem bæjarfélagið hefur upp á að bjóða.





„Mikilvægt er að mótuð verði heildstæð fjölskyldustefna þar sem málefni fjölskyldunnar í sinni víðustu mynd njóta forgangs.“

Félagsmál

Bæjarfélag án þröskulda

B-listinn vill að Mosfellsbær sé samfélag án þröskulda. Mosfellsbæ viljum við sjá sem fjölskylduvænan bæ þar sem þjónustan tekur mið af þörfum einstaklinganna hverju sinni.

Mikilvægt er að mótuð verði heildstæð fjölskyldustefna þar sem málefni fjölskyldunnar í sinni víðustu mynd njóta forgangs.



B-listinn er framsækinn í málefnum fatlaðs fólks. Breyttar samfélagsaðstæður kalla á breytta þjónustu. Vinnudagur margra foreldra er lengri en áður tíðkaðist. Við þessu þarf að bregðast með því að bjóða fjölskylduvæna þjónustu á öllum sviðum.

Bæjarfélag sem leggur rækt við fjölskylduna er gott bæjarfélag.

„B-listinn mun berjast fyrir því að í Mosfellsbæ rísi hjúkrunarheimili.“



Eldri borgarar

Fjölbreytt búsetuúrræði

Mikilvægt er að hlúa vel að eldri borgurum. B-listinn hefur fullan hug á að bæta framboð búsetuúrræða fyrir aldraða og kynna nýjar leiðir í þessum málum. Góð heimaþjónusta er mikilvæg þannig að þeir bæjarbúar sem það kjósa geti búið sem lengst á eigin heimili. Samþætta þarf heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustu enn meir.



B-listinn mun berjast fyrir því að í Mosfellsbæ rísi hjúkrunarheimili þannig að bæjarbúar þurfi ekki að dvelja utan bæjarmarkanna á hjúkrunarheimilum, eins og raunin er í dag.

B-listinn telur að bæta þurfi tómsunda-aðstöðu eldri borgara til muna og efla tómsundastarfið og sníða að þörfum karla sem kvenna.

Á kjörtímabilinu vill B-listinn að viðmið vegna lækkunar fasteignaskatts verði endurskoðuð til hagsbóta fyrir tekjulægri eldri borgara.



„B-listinn vill auka vægi jafnréttismála að nýju innan bæjarfélagsins.“

Jafnréttismál

Engin mismunun

B-listinn vill auka vægi jafnréttismála að nýju innan bæjarfélagsins, að jafnréttissjónarmið verði í heiðri höfð og unnið verði eftir jafnréttisáætlun Mosfellsbæjar. Viðurkenningar verði veittar til þeirra fyrirtækja og stofnana sem hafa bætt stöðu kynjanna mest á hverju ári. B-listinn vill stuðla að því að íbúum verði ekki mismunað eftir kyni, stöðu, fötlun, litarhætti eða trúarbrögðum og að þjónusta bæjarins uppfylli væntingar allra bæjarbúa. Launamisrétti verður ekki liðið meðal starfsmanna bæjarins.



Forvarnir/ löggæsla

Lögreglan verði meira áberandi og hafi aðsetur í miðbænum

B-listinn vill auka vægi forvarna í Mosfellsbæ með því að gera forvarnir hluta af daglegu lífi íbúanna. Mikilvægt er að skilgreina vel forvarnarstarf og setja skriflega og markvissa forvarnaráætlun sem nær yfir öll þau forvarnarverkefni sem unnin eru í bænum.

Mosfellsbær heyrir undir umdæmi Lögreglustjórans í Reykjavík. Í Mosfellsbæ er hverfastöð á Völuteig þar sem lögreglumenn eru einungis að störfum á virkum dögum yfir daginn. B-listinn gerir kröfu um aukna löggæslu í Mosfellsbæ og að lögregla sé við störf í bæjarfélaginu allan sólarhringinn, allt árið um kring, án undantekninga. Einnig er mikilvægt að lögreglan sé sýnileg og að auðvelt aðgengi sé að lögreglustöð.





„B-listinn mun tryggja metnaðarfullt starf í skólum bæjarins.“

Fræðslumál

Framsækin fræðslustefna

B-listinn vill að Mosfellsbær verði í fararbroddi í fræðslustarfi á öllum skólastigum. Skólastefnu Mosfellsbæjar ber að endurskoða í samráði við starfsmenn og foreldra með hliðsjón af ört stækkandi bæjarfélagi og breyttum áherslum í þjóðfélaginu. B-listinn telur afar mikilvægt að stutt verði við metnaðarfullt starf í skólum bæjarins með því að styrkja sjálfstæði þeirra, fjárhagslegt svigrúm og með eflingu sérkennslu.





Húsnæði og leiksvæði skóla bæjarins þarf að bæta og vill B-listinn sjá til að svo verði gert á komandi kjörtímabili.

Mjög mikilvægt er að stefna bæjarins varðandi framboð á skólamáltíðum verði tekið til endurskoðunar og að matur sá er börnum stendur til boða sé fjölbreyttur, næringarríkur og á lágmarksverði.

Atvinnutengt nám á að vera valkostur sem stendur unglögum bæjarins til boða.

Listaskóla Mosfellsbæjar ber að styðja áfram þannig að kostnaður bæjarbúa, er sækja nám í skólanum, verði ávallt í lágmarki.



Leikskólar

Daggæsla tryggð frá lokum fæðingarorlofs

Í kjölfar byggingar nýrra hverfa er nauðsynlegt að huga að byggingu leikskóla með framtíðarsýn aðalskipulags að leiðarljósi. Unnið verði áfram að samþættingu leik- og grunnskóla þannig að hægt sé að bjóða nám fyrir 5 ára börn í grunnskólum, sé þess óskað.

Stefnt verður að því að veita öllum foreldrum barna, er þess óska, möguleika á daggæslu frá því að fæðingarorlofi lýkur. Foreldrar skulu hafa val um leikskóla með hliðsjón af áherslum hvers skóla.



Grunnskólar



Sjálfstæðir grunnskólar

Grunnskólar bæjarins eru í dag tveir og augljóst er að þeim þarf að fjölga samhliða fjölgun bæjarbúa. Mikilvægt er við ákvarðanatöku um byggingu grunnskóla að horft sé til framtíðar og þarfir barna hafðar að leiðarljósi.

B-listinn vill tryggja að grunnskólar bæjarins geti unnið sjálfstætt og metnaðarfullt starf. Mikilvægt er að grunnskólum bæjarins verði búnað aðstæður til þess að þeir geti sem best komið til móts við þær þarfir og kröfur sem gerðar eru til skólustarfs í dag.

Framhaldsskóli

Verði að veruleika



Að grunnskóla loknum velja flestir unglingar að stunda nám við framhaldsskóla. Stefna B-listans er að vinna markvisst að því að framhaldsskóli í bænum verði að veruleika og B-listinn sér fyrir sér staðsetningu hans í tengslum við uppbyggingu miðbæjarsvæðis.

Frístundasel

Góður aðbúnaður og fjölbreytni í fyrirrúmi

Að skóladegi loknum er mikilvægt að bæjarfélagið komi til móts við þarfir foreldra með því að bjóða góða þjónustu við börnin þar til vinnudegi lýkur. Hlutverk frístundaselja þarf að skilgreina og bæta aðbúnað þeirra til muna.



Til að börn og foreldrar geti nýtt sér þjónustu þessa þarf hún að vera framúrskarandi og aðbúnaður allur hinn besti þannig að börnin geti unað sér við leik í öruggu, þægilegu og skapandi umhverfi.

B-listinn leggur mikla áherslu á að þessum málum verði komið í lag í Mosfellsbæ og að frístundasel séu til fyrirmyndar hvað varðar aðbúnað, umönnun, framboð á afþreyingu og að þau taki mið af þörfum barna okkar hverju sinni.



B-listinn vill að frístundasel bæjarins verði opin í jóla-, páska- og vetrarfrí á virkum dögum og að öllum börnum í 1.-4. bekk standi þessi þjónusta til boða þessa daga.

„B-listinn vill að komið verði til móts við foreldra barna á grunnskólaaldri með frístundagreiðslum.“



Íþrótt- og tómsundastarf



Frístundagreiðslur til foreldra grunnskólabarna

Gildi íþrótt- og tómsundastarfs sem forvörn er ómetanlegt og því er mikilvægt að allir bæjarbúar hafi sömu möguleika á að stunda og taka þátt í íþrótt- og tómsundastarfi. B-listinn vill að komið verði til móts við foreldra barna á grunnskólaaldri með frístundagreiðslum.





Fjölbreytt val og samráð við íþrótt- og tómstundafélög innan bæjarins um forgangsriðun verkefna er grundvöllur virkrar þátttöku allra aðila.

Uppbyggingu þarf að ljúka við íþróttamiðstöðina að Varmá, viðhalda þeirri aðstöðu sem fyrir er og auka tækjavæðingu. Mikilvægt er að standa vel að þeim íþróttamannvirkjum sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um, s.s. 18 holu golfvöll, gervigrasvöll og reiðhöll.

Við viljum byggja upp leikja- og útivistarsvæði í Mosfellsbæ þar sem fjölskyldan getur sameinast í þrautum, leikjum og ánægjulegri útiveru. Endurskoða þarf uppbyggingu og skipuleggja leiksvæði bæjarins, halda þeim við og hafa þau sem fjölbreyttust. Hafravatnssvæðið sér B-listinn sem tilvalið svæði fyrir útivistarparadís.

Átak verði gert í lagningu hjólreiða-, göngu- og reiðstíga, áningarstöðum fjölgað og umferðaröryggi allra tryggt sem best.





B-listinn telur mikilvægt að í sumarleyfum grunnskólabarna sé boðið upp á fjölbreytt og spennandi námskeið sem taki mið hverju sinni af aldri, getu og þroska barna. Uppfylla þarf óskir og þarfir yngstu sem og elstu grunnskólabarnanna og æskilegt er að notast verði við húsnæði bæjarins til námskeiðahalds yfir sumarmánuðina.

Hlutverk vinnuskóla bæjarins ber að endurskoða og próa í takt við breyttar áherslur, þarfir og kröfur. Vinnuskólinn á að vera aðlaðandi og lærdómsríkt verkefni sem unglingar sækjast eftir að leysa og þeim er launað sómasamlega fyrir.

Hafist verði handa við byggingu félagsmiðstöðvar í tengslum við Lágafellsskóla.

Skipuleggja þarf svæði fyrir motocross og smábátastöðu ber að skoða.





„Nauðsynlegt er að leggja grunn að byggingu tónlistar- og menningarhúss.“

Menningarmál

Tónlistar- og menningarhús

Mosfellsbær státar af ríkri menningar- og listasögu sem nauðsynlegt er að varðveita og efla. Samstarf listamanna og skóla bæjarins má efla enn frekar svo fjölbreytt flóra menningar og lista í grunnskólum og stofnunum bæjarins fái notið sín.

B-listinn vill að Mosfellsbær stuðli að hvatningarverðlaunum til handa ungum listamönnum í grunnskólum bæjarins og efli stuðning við aðra listamenn.



Samstarf bæjarfélagsins við ríkið um rekstur Laxnessseturs þarf að efla og skoða ber möguleika á að stofna til söguminja- og byggðasafns í Mosfellsbæ.

Nauðsynlegt er að leggja grunn að byggingu tónlistar- og menningarhúss.



B-listinn vill tryggja aðgengi fyrir alla að ferðamannastöðum, náttúruperlum og fornminjum í Mosfellsbæ og að stutt verði við fornleifarannsóknir.

*„B-listinn vill lýðræðisleg
vinnubrögð í skipulagsmálum í
sátt við umhverfið og í samvinnu
við íbúana.“*



Skipulagsmál

Lýðræðisleg vinnubrögð

B-listinn vill lýðræðisleg vinnubrögð í skipulagsmálum í sátt við umhverfið og í samvinnu við íbúana. Skipulag Mosfellsbæjar ber að sjá sem eina heild og byggðina vel skipulagða í kringum sterkan miðbæ. Miðbæ Mosfellsbæjar þarf að skapa þar sem aðgengi fyrir alla er tryggt og aðstaða er til menningarviðburða.

B-listinn í Mosfellsbæ vill að í skipulagsmálum bæjarins verði horft betur til framtíðar. Aðalskipulag bæjarins þarfnast endurskoðunar í ljósi þeirrar gífurlegu aukningar íbúa sem gert er ráð fyrir á næstu árum sem og þeirrar staðreyndar að efla þarf þjónustu og verslun. Aðgengi að stofnunum bæjarins verður að vera gott fyrir alla bæjarbúa.



Bæta þarf græn svæði og leikvelli með öryggi og skemmtun að leiðarljósi og gera þarf ráð fyrir nýjum leikvöllum í nýjum hverfum. Vinna þarf að gerð almenningsgarðs þar sem ungir og aldnir geta gert sér glaðan dag.





„B-listinn vill að Mosfellsbær sé fyrirmyndarbæjarfélag í umhverfismálum.“

Umhverfismál

Virki umhverfisstefna

B-listinn vill að Mosfellsbær sé fyrirmyndarbæjarfélag í umhverfismálum. Við viljum leggja mikla áherslu á virka umhverfisstefnu og að unnið sé eftir markmiðum Staðardagskrár 21. Á öllum skólastigum ber að tryggja virka umhverfisfræðslu og hvetja bæjarbúa til þátttöku í umhverfisvænni lífsháttum. Úrgang frá heimilum og stofnunum er æskilegt að minnka og skoða þarf hvort hægt sé að bjóða þeim er flokka heimilisúrgang lægra sorphirðugjald.



Marka þarf skýra stefnu þegar kemur að mengunarmálum, hvort sem það er hávaða-, loft-, sjón- eða jarðmengun. Mikilvægt er að umbætur verði gerðar í hljóð- og umhverfismengun í bænum, m.a. með hljóðmön þar sem þörf er á.

Umhverfi og ásýnd bæjarins þarf að bæta á markvissan hátt og er æskilegt að stofnanir bæjarfélagsins sýni þar fordæmi með góðri umgengni og fegrun. Umhverfi og ásýnd miðbæjarins þarf að bæta og efla þer garðyrkjudeildina.

Átak þarf í fegrun og hreinsun Leirvogs og strandlengjunnar og uppgræðslu á námusvæði innan bæjarins ásamt almennri uppgræðslu. Álafosskvos þarfnast fegrunar, endurbóta og umhverfi hennar þarf að gera að aðlaðandi útivistarsvæði fyrir alla bæjarbúa.



